

From: Memmm Play
Sent: 16 December 2022 15:27
Subject: Opinn leikskóli Memmm Play í Árborg

Sæl hjá Árborg

María Ösp Ómarsdóttir heiti ég og starfa hjá Félagasamtökunum Memmm Play. Við sendum ykkur hér póst þar sem við óskum eftir samstarfi við sveitarfélagið Árborg um opnun og rekstur opins leikskóla á svæðinu. Félagasamtökin hafa verið með verkefnið í þróun í Reykjavík síðastliðin tvö ár og leitast nú við að færa það út fyrir borgarmörkin og breiða út þjónustuna á Suðurlandi. Okkar þjónustukannanir greina mikla þörf á starfsemi eins og opni leikskóli Memmm Play veitir og með góðum samstarfsaðilum sjáum við möguleika til þess að mæta þeim þörfum.

Nú þegar höfum við verið með opið hús í Árborg frá því í byrjun nóvember einn dag í viku í Skrúfunni á Eyrarbakka, einnig eitt skipti í Fjölheimum á Selfossi. Til okkar hafa komið fjölskyldur úr Árborg, frá Hveragerði og Þorlákshöfn og hefur kynningarstarfið farið mjög vel fram og þáttaka verið með ágætum. Hins vegar óskuðu fjölskyldur eftir staðsetningu á Selfossi þar sem auðveldara væri fyrir fleiri að nýta opna leikskólann.

Markmið Opna leikskóla Memmm Play er að bjóða nýjum foreldrum/forsjáraðilum og börnum þeirra upp á samverustundir, fræðslu, stuðning og tækifæri til þess að stækka tengslanetið í sínu nærumhverfi.

Með því að bjóða upp aðstöðu, efnivið og tækifæri til samveru má brjóta múra einangrunar sem nýir foreldrar upplifa oft í fæðingarorlofi. Þessi þjónusta getur verið gríðarlega mikilvæg nýjum foreldrum. Við veitum þeim fræðslu og stuðning en saman hefur þetta jákvæð áhrif á geðheilbrigði og hefur einnig mikið forvarnargildi. Erlendar rannsóknir sýna að opinn leikskóli getur að auki verið mikilvægur vettvangur inngildingar fyrir erlenda foreldra.

Til glöggvunar eru meðfylgjandi fylgigögn sem sýna nánar umfang og eðli starfsemi Opna leikskóla Memmm Play; innra mat þjónustunnar, verk- og fjárhagsáætlun fyrir 2023, ferilskrár starfsmanna Memmm Play og tvær fræðigreinar sem útlista reynslu á áhrifum rekstrar opinna leikskóla í Noregi sem og mikilvægi þeirra í inngildingunni erlendra foreldra í samfélagið.

Við hjá Memmm Play óskum eftir samstarfi við sveitarfélagið Árborg er kemur að því að hýsa verkefnið í húsnæði á vegum sveitarfélagsins. Einnig að fjármagna reksturinn með samstarfssamningi sem inniheldur stöðugildi verktaka á vegum Memmm Play, sem sæi um innleiðingu verkefnisins, og efniskostnaði ef þarf. Einnig með samstarfi við fjölskyldusvið Árborgar við gerð fræðsluáætlunar Opna leikskólans og aðgang að sérfræðingum sveitarfélagsins við framkvæmd hennar.

Í meðfylgjandi fjárhagsáætlun má sjá hvað verkefnið gæti kostað með samstarfssamningi um reksturinn og hægt er að sjá hvað hver starfsmaður kostar. Hægt er að meta möguleikana á samstarfi út frá þeim forsendum og hægt að ákveða umfang verkefnisins í takt við þær einnig, hvort vilji er fyrir því að prófa verkefnið með einum starfsmanni til að byrja með t.d.

Félagasamtökin eiga efnivið til þess að hefja starfsemi samstundis, það fer eftir húsnæðinu sem myndi hýsa verkefnið hvaða húsbúnað vantar, en við eigum grunn sem hægt er að byggja á með lítilli fyrirhöfn. Við óskum eftir því að fá til afnota húsnæði til hálf- eða heilsdags starfsemi alla virka daga á Selfossi, ásamt því að geta sett upp opið hús á Eyrarbakka og Stokkseyri einu sinni í viku að auki. Það má líka skoða að vera þrjá daga á Selfossi og tvo daga í dreifðu byggðunum.

Með von um góðar undirtektir

Kær kveðja
María Ösp Ómarsdóttir

--

Félagasamtökin Memmm Play
Opni leikskólinn - www.opnileikskolinn.is